

Stjórnvaldssekt vegna brots á 63. gr. og 64. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Þann 20. desember 2005 sektaði stjórn Fjármálaeftirlitsins Icelandic Group hf, kr. 250.000,- vegna brots á 63. gr. og 64. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Stjórn Fjármálaeftirlitsins komst að þeirri niðurstöðu að Icelandic Group hf. hafi brotið gegn 63. gr. og 64. gr. vvl. Þegar félagið tilkynnti ekki innan tilskilinna tímamarka til Fjármálaeftirlitsins og Kauphallar Íslands hf. um víðskipti fjárhagslega tengds aðila með hlutabréf í félaginu. Samkvæmt 63. gr. vvl. ber útgefanda að tilkynna samdægurs um víðskipti fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda honum til Fjármálaeftirlitsins. Ennfremur ber útgefanda þegar í stað að senda upplýsingar um víðskiptin til Kauphallar Íslands hf, sbr. 64. gr. vvl.

Um var að ræða víðskipti BOM-fjárfestinga ehf., þann 13. október 2005, en Icelandic Group tilkynnti ekki um víðskiptin til fyrrgreindra aðila fyrr en 11. nóvember 2005.

Með vísan til framangreinds og 74. gr. vvl. var það mat stjórnar Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri kr. 250.000,-